

AUGLÝSING

um samkomulag við Efnahagsbandalag Evrópu varðandi aðrar vörur en landbúnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur sem samningur við Efnahagsbandalag Evrópu nær ekki til.

Hinn 14. júlí 1986 var undirritað í Brussel samkomulag í formi erindaskipta milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu varðandi aðrar vörur en landbúnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur sem samningur frá 22. júlí 1972 milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu nær ekki til, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1973. Samkomulagið var gert í tengslum við viðbótarbókun við samninginn vegna aðildar Spánar og Portúgals að bandalaginu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1986.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. desember 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

í formi erindaskipta milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu varðandi aðrar vörur en landbúnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur sem samningurinn nær ekki til.

A. Erindi frá bandalaginu

Herra,

Bruxelles, 14. júlí 1986

Ég leyfi mér að vísa til viðbótarbókunar við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu, sem undirritað var í dag, og til samningaviðræðna sem fram hafa farið milli bandalagsins og lýðveldisins Íslands um þær tollaaðlögunarreglur sem gilda skuli í viðskiptum milli Spánar og Portúgals annars vegar og Íslands hins vegar um aðrar vörur en landbúnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur sem ofangreindur samningur nær ekki til.

Að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í I. og II. viðauka staðfesti ég hér með að konungsríkið Spánn og lýðveldið Portúgal munu í áföngum fella niður mismuninn sem er fyrir hendi milli grunntollsins, eins og hann er skilgreindur samkvæmt 4. og 10. gr. viðbótarbókunarinnar, og sameiginlegu tollskrárinnar þannig að 1. janúar 1993 verði náð þeim tolli sem kveðið er á um í tollskránni. Á Spáni skal þessi niðurfelling fara fram í áföngum sem hver um sig nemur 10%, 12,5%, 15%, 15%, 12,5%, 12,5%, 12,5% og 10%. Í Portúgal skal niðurfellingin fara fram í áföngum sem hver um sig nemur 10%, 10%, 15%, 15%, 10%, 10%, 15% og 15%.

Að því er varðar tollskrárnúmer þar sem grunntollarnir eru innan við 15% hærri eða lægri en tollarnir í sameiginlegu tollskránni eða samræmdri tollskrá Kola- og stálbandalags Evrópu skal konungsríkið Spánn frá 1. mars 1986 leggja síðarnefndu tollana á.

Frá 1. mars 1986 skal lýðveldið Portúgal leggja á toll sem minnkar um 10% mismuninn milli grunntollsins og tollsins í sameiginlegu tollskránni. Að því er varðar tollskrárnúmer þar sem grunntollarnir eru innan við 15% hærri eða lægri en tollarnir í sameiginlegu tollskránni

eða samræmdri tollskrá Kola- og stálbandalags Evrópu skal Portúgal frá 1. janúar 1987 leggja síðarnefndu tollana á.

Lýðveldið Ísland mun gera hið sama að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í III. viðauka og upprunnar eru í Portúgal þannig að 1. janúar 1993 verði náð þeim tolli sem kveðið er á um í íslensku tollskránni.

Samningsaðilarnir skulu samþykkja erindaskipti þessi samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá hvorum aðila um sig.

Ég væri þakklátur ef þér vilduð staðfesta að ríkisstjórn lýðveldisins Íslands sé samþykk ofangreindu.

Ég votta yður, herra, sérstaka virðingu mína.

Fyrir hönd ráðs Evrópubandalaganna

David Hannay

G. Giola

B. Erindi frá Íslandi

Herra,

Bruxelles, 14. júlí 1986

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku á erindi yðar, dagsettu í dag, sem hljóðar svo:

„Ég leyfi mér að vísa til viðbótarbókunar við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands vegna aðildar konungsríkisins Spánnar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu, sem undirrituð var í dag, og til samningaviðræðna sem fram hafa farið milli bandalagsins og lýðveldisins Íslands um þær tollaáðlögunarreglur sem gilda skuli í viðskiptum milli Spánnar og Portúgals annars vegar og Íslands hins vegar um aðrar vörur en landbúnaðarvörur og unnar landbúnaðarvörur sem ofangreindur samningur nær ekki til.

Að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í I. og II. viðauka staðfesti ég hér með að konungsríkið Spánn og lýðveldið Portúgal munu í áföngum fella niður mismuninn sem er fyrir hendi milli grunntollsins, eins og hann er skilgreindur samkvæmt 4. og 10. gr. viðbótarbókunarinnar, og sameiginlegu tollskrárinnar þannig að 1. janúar 1993 verði náð þeim tolli sem kveðið er á um í tollskránni. Á Spáni skal þessi niðurfelling fara fram í áföngum sem hver um sig nemur 10%, 12,5%, 15%, 15%, 12,5%, 12,5%, 12,5% og 10%. Í Portúgal skal niðurfellingin fara fram í áföngum sem hver um sig nemur 10%, 10%, 15%, 15%, 10%, 10%, 15% og 15%.

Að því er varðar tollskrárnúmer þar sem grunntollarnir eru innan við 15% hærri eða lægri en tollarnir í sameiginlegu tollskránni eða samræmdri tollskrá Kola- og stálbandalags Evrópu skal konungsríkið Spánn frá 1. mars 1986 leggja síðarnefndu tollana á.

Frá 1. mars 1986 skal lýðveldið Portúgal leggja á toll sem minnkar um 10% mismuninn milli grunntollsins og tollsins í sameiginlegu tollskránni. Að því er varðar tollskrárnúmer þar sem grunntollarnir eru innan við 15% hærri eða lægri en tollarnir í sameiginlegu tollskránni eða samræmdri tollskrá Kola- og stálbandalags Evrópu skal Portúgal frá 1. janúar 1987 leggja síðarnefndu tollana á.

Lýðveldið Ísland mun gera hið sama að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í III. viðauka og upprunnar eru í Portúgal þannig að 1. janúar 1993 verði náð þeim tolli sem kveðið er á um í íslensku tollskránni.

Samningsaðilarnir skulu samþykkja erindaskipti þessi samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá hvorum aðila um sig.“

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn mín er samþykk efni erindis yðar.

Ég votta yður, herra, sérstaka virðingu mína.

Fyrir hönd ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands

Tómas Á. Tómasson

I. viðauki.**SPÁNN**

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
21.05	Súpur og seyði, fljótandi, í föstu formi eða sem duft; jafnblönduð samsett matvæli: B. Jafnblönduð samsett matvæli
21.06	Náttúrulegt ger, þar með talið þurrger; tilreitt bökunarduft: C. Tilreitt bökunarduft
21.07	Aðrar fæðutegundir, ótaldar annars staðar: G. Annað: I. Sem inniheldur enga mjólkurfitu eða minna en 1,5% af slíkri fitu miðað við þyngd: a) Sem inniheldur engan sakkarósa eða minna en 5% af sakkarósa miðað við þyngd (þar með taldar einsykrur sem teljast með sakkarósa) úr 1. Sem inniheldur enga sterkju eða minna en 5% af sterkju miðað við þyngd: — Fæðutegundir sem koma í staðinn fyrir mennska mjólk og notaðar eru við meðferð á breytingum efnaskipta í ungbörnum, svo og vissar aðrar fæðutegundir

II. viðauki.**PORTÚGAL**

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
05.03	Hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag eða á milli laga, úr öðrum efnum:
	B. Annað
05.07	Hamir og aðrir hlutar af fuglum með áföstum fjöðrum eða dún, fjaðrir og hlutar af fjöðrum (hvort heldur jaðrarnir hafa verið jafnaðir eða ekki) og dúnn, ekki frekar unnið en hreinsað, sótthreinsað eða frágengið til geymslu; duft, fjaðraúrgangur eða hlutar af fjöðrum
	A. Sængurfjaðrir; dúnn:
	II. Annað:
	B. Annað
05.13	Svampar, náttúrlegir:
	B. Annað
13.02	Skellakk, kornlakk, staflakk og önnur jurtalökk, kolvetnisgúmmí úr jurtaríkinu; náttúrlegir harpixar, gúmmíharpixar og balsöm:
	A. Barrviðarharpixar
13.03	Jurtasafar og extraktar úr jurtaríkinu; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar-agar og önnur plöntuslím og hleypiefni unnin úr efnum úr jurtaríkinu:
	A. Jurtasafar og extraktar úr jurtaríkinu:
	III. Úr quassia amara
	IV. Úr lakkrís
	V. Úr pretafílli og rótum plantna sem í er rótenón
	VI. Úr humli
	VII. Blöndur jurtaextrakta, til framleiðslu á drykkjarvörum eða til matvælaframleiðslu
	VIII. Annað:
	a) Til lækninga
	B. Pektínefni, pektínöt og pektöt:
	úr I. Þurrkuð:
	— Þó ekki pektínefni
	úr II. Annað:
	— Þó ekki pektínefni
	C. Agar-agar og önnur plöntuslím og hleypiefni unnin úr efnum úr jurtaríkinu:
	I. Agar-agar
	II. Plöntuslím og hleypiefni unnin úr lokustbaunum eða lokustbaunafræjum
14.01	Jurtaefni aðallega notuð til körfugerðar og annars fléttiiðnaðar, svo sem hreinsaður, bleiktur eða litaður hálmur, víðigreinar, reyr, sef, spanskreyr, bambus, raffiabast og lindibast:
	A. Víðigreinar:
	II. Annað:
	B. Hálmur, hreinsaður, litaður eða bleiktur
15.05	Ullarfeiti og feitiefni unnin úr henni (hér með talið lanólín)
15.06	Önnur feiti og olía úr dýraríkinu (hér með talin klaufaolía, beinafeiti og úrgangsefnafeiti)
15.08	Olía úr jurta- og dýraríkinu, soðin, oxyderuð, vatnssneydd (dehydrated), meðhöndluð með brennisteini, blásin, pólýmeriseruð eða umbreytt með öðrum hætti

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
15.10	Feitisýrur; súr olía frá feitihreinsun; feitialkóhól: A. Sterínsýra B. Olíusýra úr C. Aðrar feitísýrur súr olía frá feitihreinsun: — Þó ekki vörur unnar úr furuviði, með feitisýruinnihaldi 90% eða meira miðað við þyngd D. Feitialkóhól
15.11	Glyseról, glyserólvatn og glyseróllútur
15.15	Hvalraf (spermacet), hrátt, pressað eða hreinsað, einnig litað; býflugnavax og annað skordýravax, einnig litað: A. Hvalraf, hrátt, pressað eða hreinsað, einnig litað B. Býflugnavax og annað skordýravax, einnig litað: II. Annað:
15.16	Vax úr jurtaríkinu, einnig litað: B. Annað
15.17	Degras; leifar frá hreinsun á feiti, feitri olíu eða vaxi úr jurta- eða dýraríkinu: A. Degras
18.03	Kakaódeig (þar með talið kakaódeig í stykkjum), einnig þótt feitin hafi verið dregin úr því
18.04	Kakaósmjör (feiti eða olía)
18.05	Kakaóduft, ósykrað
21.02	Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi, tei eða maté og vörur framleiddar úr þessum efnum; brenndar síkoriúrætur og annað brennt kaffilíki og ekstraktar, kjarnar og seyði úr þeim: A. Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi og vörur framleiddar úr þessum efnum B. Extraktar, kjarnar og seyði úr tei eða maté og vörur framleiddar úr þessum efnum C. Brenndar síkoriúrætur og annað brennt kaffilíki: I. Brenndar síkoriúrætur D. Extraktar, kjarnar og seyði úr brenndum síkoriúrótum og öðru brenndu kaffilíki: I. Úr brenndum síkoriúrótum
21.03	Sinnepsmjöl og lagað sinnep
21.05	Súpur og seyði, fljótandi, í föstu formi eða sem duft; jafnblönduð samsett matvæli: B. Jafnblönduð samsett matvæli
21.06	Náttúrlegt ger, þar með talið þurrger; tilreitt bökunarduft: A. Virkt náttúrlegt ger: I. Ræktað ger III. Annað: C. Tilreitt bökunarduft
21.07	Aðrar fæðuteigundir, ótaldar annars staðar: G. Annað: I. Sem inniheldur enga mjólkurfitu eða minna en 1,5% af slíkri fitu miðað við þyngd: a) Sem inniheldur engan sakkarósa eða minna en 5% af sakkarósa miðað við þyngd (þar með taldar einsykrur sem teljast með sakkarósa): úr 1. Sem inniheldur enga sterkju eða minna en 5% af sterkju miðað við þyngd: — Þó ekki kolvetnishýdrólýsöt og gerautólýsöt
22.01	Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór: A. Ölkelduvatn, náttúrlegt og tilbúið; vatn eða kolsýru
22.02	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjavörur, þó ekki ávaxta- og grænmetisaffi er telst til nr. 20.07: úr A. Sem ekki innihalda mjólk eða mjólkurfitu: — Sem ekki innihalda sykur (sakkarósa eða einsykrur)

Númer í sameiginlegu tollskránni	Vörulýsing
22.08	Etanól (etylalkóhól) ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli; mengað etanól sérhvers styrkleika: úr A. Mengað etanól, sérhvers styrkleika: — Þó ekki unnið úr landbúnaðarafurðum sem skráðar eru í II. viðauka við EBE-samninginn úr B. Etanól ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli: — Þó ekki unnið úr landbúnaðarafurðum sem skráðar eru í II. viðauka við EBE-samninginn
22.09	Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli; brennivín og aðrir áfengir drykkir; sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum: A. Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli, í umbúðum sem taka: úr I. Tvo lítra eða minna: — Þó ekki unnið úr landbúnaðarafurðum sem skráðar eru í II. viðauka við EBE-samninginn úr II. Meira en tvo lítra: — Þó ekki unnið úr landbúnaðarafurðum sem skráðar eru í II. viðauka við EBE-samninginn B. Sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum: II. Annað C. Áfengir drykkir: I. Romm, arrack og tafia II. Gin III. Whisky IV. Vodka með áfengismagni 45,4% eða minna að rúmmáli og plómu-, peru- og kirsuberjabrennivín (þó ekki líkjörar) V. Annað í umbúðum sem taka: úr a) Tvo lítra eða minna: — Þó ekki þeir sem innihalda egg eða eggjarauðu og/eða sykur (sakkarósa eða einsykrur) úr b) Meira en tvo lítra: — Þó ekki þeir sem innihalda egg eða eggjarauðu og/eða sykur (sakkarósa eða einsykrur)
24.02	Tóbak, unnið; tóbakssósa og tóbaksextrakt

III. viðauki.**PORTÚGAL**

Númer í íslensku tollskránni	Vörulýsing
05.04.00	Parmar, blöðrur og magar, heilt eða í stykkjum, úr öðrum dýrum en fiskum
05.15.00	Afurðir úr dýraríkinu, ótaldar annars staðar; dauð dýr þeirra tegunda sem 1. og 3. kafli tekur til, óhæft til manneldis
14.02.00	Jurtaefni aðallega notuð sem tróð eða til bólstrunar, svo sem kapok, viðarhár, marhálmur, einnig sett á undirlag eða milli laga úr öðrum efnum
14.03.00	Jurtaefni aðallega notuð til burstagerðar, svo sem sópdúrur, píazzava, agavatrefjar, einnig í knippum eða hespum
14.05.00	Önnur efni úr jurtaríkinu, ótalin annars staðar
15.04.10	Olía unnin úr fisklifur
15.04.20	Önnur feiti og olía unnin úr fiski
15.04.30	Olía og feiti unnin úr sjávarspendýrum
15.05.00	Ullarfeiti og feitiefni unnin úr henni (hér með talið lanólín)
15.06.00	Önnur feiti og olía úr dýraríkinu (hér með talin klaufaolía, beinafeiti og úrgangsefnafeiti)
15.12.09	Olíur úr dýraríkinu
16.03.00	Kjötextrakt og kjötseyði í fiskextrakt
20.02.01	Tómatpúré
21.03.00	Sinnepsmjöl og lagað sinnep
21.04	Kryddsósar og önnur tilreidd bragðbætiefni
21.05.29	Önnur jafnblönduð samsett matvæli
22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru
22.08.00	Etanól (etylalkóhól) ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli; mengað etanól sérhvers styrkleika
23.01.10	Mjöl og duft úr kjöti eða sláturúrgangi, óhæft til manneldis; hamsar
23.01.20	Mjöl og duft úr fiski, krabbadýrum eða lindýrum, óhæft til manneldis
24.02.32	Neftóbak